

Svar við svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er lögð var fram á 299.fundi menningar- og ferðamálaráðs 26.2. 2018:

Óskað er eftir yfirliti yfir tillögur, bókanir og fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði frá upphafi þessa kjörtímabils til dagsins í dag. Jafnframt er óskað eftir að fram komi í yfirlitinu hvaða meðferð viðkomandi tillögur hlutu, þ.e. hvort þær voru samþykktar felldar eða vísað eitthvað.

Yfirlit:

217.fundur 11.8. 2014

8. liður

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um endurskoðun á ferðamálastefnu sem lögð var fram í borgarráði 3. júlí 2014. Einar Bárðarson forstöðumaður Höfuðborgarstofu sat fundinn undir þessum lið. (RMF14070001)

Frestað. Sviðsstjóra og forstöðumanni falið að koma með tillögu á grundvelli umræðna

219.fundur 8.9.2014

6. liður

Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um flutning á stytta Ásmundar Sveinssonar af Einari Benediktssyni sem lögð var fram á fundi borgarráðs þ. 28 ágúst 2014 og vísað til umsagnar Menningar- og ferðamálasviðs. Jafnframt lögð fram umsögn safnstjóra Listasafns Reykjavíkur dags 4. september 2014. Hafþór Yngvason safnstjóri Listasafns Reykjavíkur tekur sæti á fundinum undir þessum lið. (RMF14080010) Menningar- og ferðamálaráð tekur undir umsögn safnstjóra með áorðnum breytingum og vísar til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks þakka fyrir umsögn safnstjóra um mögulegan flutning stytta Ásmundar Sveinssonar af skáldinu Einari Benediktssyni sem nú stendur á Klambratúni. Því er fagnað að í umsögninni er opnað fyrir flutning styttunnar í nágrenni Höfða og jafnframt því að í umsögninni er bent á þann kost að hægt sé að sýna minningu skáldsins viðeigandi sóma með því að endurnýja garðinn og umhverfi styttunnar. Frá því stytta af Einari Benediktssyni var sett upp í garðinum árið 1964 hafa orðið miklar breytingar á lífsvenjum og aðstöðu til útivistar og þá um leið á nýtingu hefðbundinna borgargarða eins og Klambratúns. Bílaumferð um Miklubraut hefur margfaldast frá því að stytta af Einar Benediktssyni var sett upp í næsta nágrenni götunnar og umhverfi styttunnar orðið óaðlaðandi m.a. af þeim sökum. Tekið er undir það sem fram kemur í umsögninni að endurnýja þarf Klambratún.

8. liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu ásamt greinargerð:

Grásleppuskúrarnir við Ægisíðu eru elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík. Skúrarnir og vörin hafa mikið gildi fyrir menningar- og atvinnusögu Reykjavíkur og því mikilvægt að vinna að varðveislu þeirra á ný. Engin vinna við endurgerð skúranna fór fram á síðasta kjörtímabili og því er lagt til að sú vinna við endurgerð grásleppuskúranna sem hafin var á kjörtímabilinu 2006-2010 hefjist á ný og byggt verði á þeirri vinnu við varðveislu þessara menningarminja. Þá er jafnframt lagt til að starfshópur í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur verði skipaður til að hafa umsjón með endurgerð Grásleppuskúraranna og Grímstaðarvarar. Frestað.

221. fundur 13.10.2014

3.liður

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Grásleppuskúrana við Grímstaðarvör ásamt greinargerð sem frestað var frá 219. fundi. Einnig lögð fram umsögn safnstjóra Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 17. september 2014 og umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 22. september

2014. (RMF14090003)

Tillagan var lögð fram að nýju með breytingum og var samþykkt svohljóðandi:

Grásleppuskúrarnir við Grímsstaðarvör eru elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík. Skúrarnir og vörin hafa mikið gildi fyrir menningar- og atvinnusögu Reykjavíkur og því mikilvægt að vinna að varðveislu þeirra á ný. Engin vinna við endurgerð skúranna fór fram á síðasta kjörtímabili. Lagt er til að starfshópur í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur og Umhverfis- og skipulagssviðs verði skipaður til að koma með tillögur að endurgerð grásleppuskúranna við Grímsstaðarvör.

223.fundur 10.11.2014

5. liður

Lögð fram svohljóðandi tillaga:

Menningar- og ferðamálaráð leggur til að settur verði á fót stýrihópur um endurskoðun á aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkur. Er tillagan í samræmi við meginmarkmið tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá því í júní á þessu ári um endurskoðun Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Stýrihópurinn skal skipaður fimm fulltrúum, sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs, forstöðumanni Höfuðborgarstofu, fulltrúa frá Umhverfis- og skipulagssviði, fulltrúa frá SAF og frá Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins. Stýrihópurinn skal kalla til samráðs kjörna fulltrúa, fulltrúa íbúa og breiðan hóp hagsmuna- og samstarfsaðila. Stýrihópurinn skal kynna menningar- og ferðamálaráði reglulega framvindu vinnunnar og skal skila tillögum sínum í síðasta lagi í maí 2015.

Með tillögunni fylgdi greinargerð. (RMF14070001) Samþykkt

226. fundur 18.12.2014

5.liður

Skipan starfshóps um varðveislu menningarminja við Grímsstaðarvör. Frestað.

227. fundur 12.1.2015

3. liður

Samþykkt að starfshóp um framtíðarhlutverk menningarminja við Grímstaðavör við Ægissíðu skipi Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Stefán Benediktsson fulltrúar menningar- og ferðamálaráðs, Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála og Nikulás Úlfar Mátsson skrifstofustjóri skrifstofu skipulagningar, byggðar og borgarhönnunar Umhverfis- og skipulagssviði. Starfsmenn starfshópsins verði Ingibjörg Áskelsdóttir og Helga Maureen Gylfadóttir, verkefnastjórar á Borgarsögusafni. Frestað frá 226. fundi. (RMF14090003)

230. fundur 9.2.2015

5. liður

Lagðar fram niðurstöður Capacentkönnunar um viðhorf til þjónustu sveitarfélaga 2014 með tilliti til Reykjavíkurborgar, bæði í heild, brotið niður á hverfi og sérstaklega með tilliti til menningarmála. Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri kynnir.

Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri Grænna og Pírata í Menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri Grænna og Pírata í menningar- og ferðamálaráði lýsa yfir ánægju með útkomu menningarstofnana borgarinnar í nýútkominni könnun Capacent á viðhorfi til þjónustu borgarinnar. Ástæða er til að gleðjast yfir því að menningarstofnanirnar fá toppinkunn í könnuninni og má meðal annars þakka þann

árangur því góða starfsfólki sem borgin býr svo vel að hafa á sínum snærum. Meirihlutinn kýs að horfa fram á veginn og gera gott starf enn betra.

Fulltrúarnir meðtaka sömuleiðis misjafnar niðurstöður könnunarinnar vegna menningarþjónustu á hverfavísu. Þetta er í fyrsta sinn sem könnunin er brotin niður á hverfi og það er fagnaðarefni að geta horft til úttektar Capacent vegna menningarþjónustu og -framboðs í hverfum og freista þess að gera enn betur í framtíðinni og byggja á niðurstöðum þessarar könnunar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavíkurborg fær hraklega útreið í þjónustukönnun Capacent. Þegar spurt er um þjónustu við barnafjölskyldur, eldri borgara og fatlað fólk lendir Reykjavíkurborg í neðsta sæti í samanburði við 19 stærstu sveitarfélög landsins. Sömuleiðis lendir höfuðborgin í neðsta sæti þegar spurt er um þjónustu grunnskóla, leikskóla, sorphirðu og aðstöðu til íþróttaiðkunar. Þetta er niðurstaða þjónustukönnunar sem byggir á spurningum sem lagðar voru fyrir borgarbúa og íbúa annarra sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg lendir einnig í neðsta sæti þegar spurt er um þjónustu sveitarfélagsins í heild sinni. Að mati borgarbúa er sú þjónusta sem veitt er í borginni óviðunandi og alls ekki sambærileg við þá þjónustu sem veitt er í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Menningarmál lenda í 15. sæti af 19 sem er besta niðurstaða málaflokka í könnuninni en er þó undir meðaltalsútkomu annarra sveitarfélaga.

Könnunina á að nota til þess að leggja mat á niðurstöður hennar og leita leiða til þess að bæta þjónustuna.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallavina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og Flugvallarvinir túlka niðurstöður könnunar Capacent sem hvatningu til kjörinna fulltrúa og starfsmanna til að gera betur í þjónustu við Reykvíkings.
(RMF15020010).

232. fundur 9.3.2015

12. liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að listaverkæign Listasafns Reykjavíkur verði gerð sýnilegri í skólum borgarinnar í þeim tilgangi að efla áhuga nemenda á menningu og listum. Safnstjóra Listasafns Reykjavíkur verði falið að koma á samstarfi við Skóla- og frístundasvið og þess gætt við útfærslu verkefnisins að haft verði samráð við skólustjórnendur og kennara. Lagt er til að skoðað verði að koma upp sérstökum sýningum á safnaeigninni og á einstökum verkum eftir atvikum.
Frestað.

234. fundur 13.4.2015

9. liður

Svar safnstjóra Listasafns Reykjavíkur við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á 232. fundi um að listaverk úr safneign verði gerð sýnilegri í skólum borgarinnar.

(RMF15040003)

Frestað.

235. fundur 27.4.2015

2. liður

Lagt fram svar safnstjóra Listasafns Reykjavíkur dags. 22. apríl 2015 við tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á 232. fundi um að listaverk úr safneign verði gerð sýnilegri í skólum borgarinnar. (RMF15040003)

Frestað.

237. fundur 11.5.2015

5. liður

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á 232. fundi um að listaverk úr safneign verði gerð sýnilegri í skólum borgarinnar. (RMF15040003)

Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarbúum öllum stendur til boða að nýta sér þjónustu Listasafns Reykjavíkur. Grunnskólar borgarinnar þar á meðal. Kalli skólarnir eftir listaverkum til að prýða húsakynni sín er það í boði en auk þess hefur sérstök flökkusýning farið í skóla borgarinnar allt frá árinu 2009. Meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata telja það vera ástæðulaust að taka frumkvæðið af hendi skólanna. Að því sögðu er sjálfsgætt að minna skólastjórnendur á að þessi þjónusta er í boði og er því hér með beint til listasafnsins að hvetja til þess að skólarnir kalli eftir verkum í sín rými.

Tillagan felld með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Pírata gegn 2 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks í menningar- og ferðamálaráði. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

239. fundur 8.6.2015

3. liður

Áfangaskýrsla starfshóps um menningarminja við Grímsstaðarvör lögð fram. Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt kynnir frumdrög að deiliskipulagi fyrir Grímsstaðavörina frá 2010 og hugmyndir um framtíðarhlutverk svæðisins.

241. fundur 10.8.2015

9.liður

Tillaga og umsagnir um að glæða borgargarða nýju lífi. (RMF15030012)

Vísað til meðferðar í áætlanagerð 2016.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að glæða borgargarða nýju lífi var flutt í borgarstjórn um miðjan marsmánuð. Hún fékk jákvæða umsögn Íþrótt- og tómstundaráðs 24. apríl sl. og sömuleiðis jákvæða umsögn Menningar- og ferðamálasviðs 27. apríl og hefði því ekkert átt að vera að vanbúnaði hefja vinnu í anda hennar. Því var ekki heilsa. Tillaga um að dreifa álagi ferðamanna um borgina og nýta gamla borgargarða á nýjan hátt var laumulega stungið undir stól. Hún var svo dregin fram þremur mánuðum síðar þegar langt var liðið á sumar og vísað annan hring inn í borgarkerfið.

Þetta er í samræmi við þær starfsaðferðir sem teknar hafa verið upp á þessu kjörtímabili. Þær felast í því að nýta aldrei og samþykkja aldrei tillögur frá minnihlutunum hversu gagnlegar sem þær kunna að vera. Jafnvel þannig er farið með tillögu sem sett er fram í þeim tilgangi að auka litríki borgarinnar og nýta sköpunarkrafta ungs fólks til þess að kalla borgarbúa og ferðamenn inn í garðana. Margar borgir hafa markvisst dreift álagi vegna ferðamanna með þessum hætti. Við það eykst fjölbreytileiki borgarlífsins og upplifun ferðamannsins verður ekki einvörðungu bundin við gönguferðir um hina sögulegu miðborg.

Óskandi hefði verið að borgarfulltrúar meirihlutans hefðu litið upp úr úreltri og gamaldags átakapólitík og nýtt tillöguna til gagns fyrir borgarbúa og þá sem koma að heimsækja Reykjavík.

10.liður

Lögð fram umsögn skrifstofustjóra menningarmála til borgarráðs dags. 30. júlí 2015 um menningarminjar við Grímsstaðarvör. (RMF14090003)

11.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skipuð verði sérstök ráðgjafanefnd um þær merku fornleifar frá upphafi byggðar sem fundist hafa við Lækjargötu og hafnarmannvirki við Tryggvagötu frá 19. og 20. öld sem komið hafa í ljós við byggingarframkvæmdir.

Ráðgjafanefndin verði menningar- og ferðamálaráði, umhverfis- og skipulagsráði og borgarráði til fulltingis og mótar tillögur að því með hvaða hætti ofangreindar fornleifar verði best varðveittar til framtíðar og gerðar almenningi sýnilegar.

Með stofnun ráðgjafanefndar verði komið á formlegri samvinnu á milli

Minjastofnunar og Reykjavíkurborgar um það mikilvæga verkefni að vernda

umræddar fornleifar. Minjastofnun verði boðið að tilnefna sérfræðing í nefndina en

auk hans sitji í nefndinni tveir fulltrúar frá Reykjavíkurborg á þessu sérfræðisviði.

Tveir kjörnir fulltrúar sitji einnig í nefndinni og annar þeirra verði formaður. Nefndina má stækka eftir því sem þurfa þykir.

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs gerir erindisbréf fyrir nefndina, vinnur að nánari útfærslu og leitar til viðkomandi sviða og ráða eftir hugmyndum og tilnefningum.

Ráðgjafanefndin vinni eins hratt og auðið og geri tímaáætlun á sínum fyrsta fundi sem lögð verður fram í viðkomandi ráðum.

Frestað

242. fundur 24.8.2015

3. liður

Ólafur Bjarnason samgöngustjóri og Þorsteinn R. Hermannsson kynna tillögur að breytingum á leiðarkerfi Strætó. (RMF15080006)

Umsögn Menningar- og ferðamálasviðs dags. 21. ágúst 2015 samþykkt með áorðnum breytingum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggja fram svohljóðandi bókun:

Sem fyrr er gagnrýnt að fulltrúar meirihlutaflokkanna í borgarstjórn skuli velja BSÍ við Vatnsmýrarveg 10 fyrir miðstöð almenningsgangna án undangenginnar þarfagreiningar og úttektar á því hvort sá staður sé ákjósanlegasti staðurinn fyrir þessa starfsemi til framtíðar. Að því undanskildu er tekið undir þá gagnrýni og ábendingar sem fram koma í umsögn menningar- og ferðamálaráðs.

4.liður

Endurskoðun aðgerðaráætlunar ferðamálastefnu til umræðu. (RMF14110011)

245. fundur 12.10.2015

4.liður

Ástand Sólheimasafns og staða á vinnu við að finna lausnir á húsnæðisvanda safnsins. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Jón Valgeir Björnsson taka sæti á fundinum undir þessum lið. (RMF15040017)

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrir liggur að ráðast þarf í miklar viðgerðir á húsnæði útibús Borgarbókasafnsins í Sólheimum. Verið er m.a. að leita að nýju húsnæði fyrir safnið til framtíðar. Með þessar staðreyndir í huga leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks til að kannaðir verði möguleikar á því að hýsa safnið í einhverjum að nærliggjandi skólum s.s. Vogaskóla, Langholtsskóla og Laugarlækjarskóla og að safnið verði rekið í samstarfi við bókasafn þess skóla sem fyrir valinu verður.

249. fundur 7.12.2015

5.liður

Lagðar fram umsagnir um endurskoða aðgerðaáætlun ferðamálastefnu. Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu kynnr. (RMF14110011)

Samþykkt að fela Höfuðborgarstofu að ganga frá endanlegri aðgerðaáætlun til samþykktar.

255. fundur 14.3.2016

9.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi tillögu: Borgarsögusafn Reykjavíkur tók til starfa þann 1. júní 2014 þegar Árbæjarsafn, Landnámssýningin, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Sjóminjasafn Reykjavíkur og Viðey voru sameinuð. Kostnaður vegna reksturs Borgarsögusafns Reykjavíkur og þeirra eininga sem undir safnið heyra nam tæplega 405 m.kr á árinu 2015. Lagt er til að gerð verði fjárhagsleg og fagleg úttekt á sameiningu ofangreindra rekstrareininga undir einn hatt, Borgarsögusafn Reykjavíkur. Í úttektinni verði gerður samanburður á þeim markmiðum sem að var stefnt og þeim árangri sem náðst hefur en auk þess verði skoðað undirbúnings- og sameiningarferlið.

Frestað.

10.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Óskað er samantektar á heildarfjárframlögum Reykjavíkurborgar til Bíó Paradísar frá stofnun fyrirtækisins.

11.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi fyrirspurn: Óskað er eftir að teknar verði saman upplýsingar um það með hvaða hætti höfuðborgir Norðurlanda undirbúa, auglýsa og leggja mat á styrki til menningarmála. Sérstaklega verði skoðað með hvaða hætti valið er í matsnefndir sem fara yfir styrkbeiðnir og hlutverk menningarmálanefnda við mat á umsóknum. Sambærilegra upplýsinga verði safnað vegna menningarstyrkja menningar- og menntamálaráðuneytis og stærstu sveitarfélaga hérlendis.

257. fundur 11.apríl 2016

3.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi tillögu:

Menningar- og ferðamálaráð leggur til að fagaðilar, frá stofnunum borgarinnar, fari yfir listann sem lagður var fyrir borgarráð í nóvember síðastliðnum. Á þessum lista voru tillögur að byggingum í eigu Reykjavíkurborgar sem skoða á að megi selja. Undirrituð eru viss um að fasteignamat þessara bygginga liggi fyrir en telja nauðsynlegt að menningarlegt mat verði lagt á þær áður en ákveðið verði hverjar þeirra eigi að selja. Frestað

5.liður

Lagt fram erindi ÍTR dags. 18. mars 2016 um skipulagningu dagskrár 17. júní. (RMF16030015)

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja rétt að skipulagning og umsjón hátíðarhalda vegna þjóðhátíðar 17. júní verði ekki flutt frá íþrótt- og tómstundaráði. ÍTR hefur annast hátíðarhöldin áratugum saman með góðum árangri og er því til staðar dýrmæt þekking og reynsla á málinu innan sviðsins.

Litið hefur verið svo á að með því að fela ÍTR umsjón hátíðarhaldanna væri lögð áhersla á tengsl þeirra við æsku borgarinnar og þátttöku íþrótt- og æskulýðsfélaga í þeim. Undanfarin ár hefur hins vegar markvisst verið dregið úr umfangi hátíðarhaldanna 17.

júní og er nú svo komið að í ár er einungis gert ráð fyrir 9,5 m. króna fjárveitingu til þeirra. Umrætt framlag hefur sennilega aldrei verið jafnlágt og er það lýsandi fyrir metnaðarleysi núverandi borgarstjórnarmeirihluta gagnvart hátíðarhöldum Þjóðhátíðar 17. júní.

Lögð fram eftirfarandi bókun fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Pírata í menningar og ferðamálaráði:

Meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Pírata vilja koma því á framfæri að með þessari tillögu er verið að skoða hvort verkefnið eigi betur heima á Höfuðborgarstofu þar sem fagþekking á viðburðastjórnun er mikil og samlegðaráhrif gætu orðið.

Viðburðaskrifstofa Höfuðborgarstofu hefur sýnt og sannað afburðagetu til samstarfs við önnur svið t.d. skóla- og frístundasviðs vegna barnamenningarhátíðar og ÍTR vegna Vetrarhátíðar. Við höfum fulla trú á því að samstarf við Íþróttá- og æskulýðsfélög verði áfram gott. Áformin með því að fara í þessar aðgerðir væri verið að efla daginn fremur en að draga úr honum.

7.liður

Lagt fram svar skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á 255. fundi ráðsins um heildarframlög Reykjavíkurborgar til Heimilis kvikmyndanna vegna Bíó Paradísar frá stofnun fyrirtækisins. (RMF16030014)

8.liður

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á 255. fundi ráðsins um styrki. (RMF16030014)
Frestað.

258. fundur 25.4.2016

5.liður

Lagt fram svar dags. 7. apríl 2016 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 255. fundi ráðsins um það með hvaða hætti höfuðborgir Norðurlanda undirbúa, auglýsa og leggja mat á styrki til menningarmála, með hvaða hætti valið er í matsnefndir sem fara yfir styrkbeiðnir og hlutverk menningarmálanefnda við mat á umsóknum. Frestað frá 257. fundi. (RMF16030014)

7.liður

Lögð fram að nýju eftirfarandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á 257. fundi:

Menningar- og ferðamálaráð leggur til að fagaðilar, frá stofnunum borgarinnar, fari yfir listann sem lagður var fyrir borgarráð í nóvember síðastliðnum. Á þessum lista voru tillögur að byggingum í eigu Reykjavíkurborgar sem skoða á að megi selja. Undirrituð eru viss um að fasteignamat þessara bygginga liggi fyrir en telja nauðsynlegt að menningarlegt mat verði lagt á þær áður en ákveðið verði hverjar þeirra eigi að selja.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga:

Menningar- og ferðamálaráð leggur til við borgarráð að fagaðilar á sviði ráðsins verði fengnir til að leggja mat á menningarlegt gildi þeirra bygginga sem tengjast rekstri sviðsins, verði ákveðið að setja einhverjar þeirra í sölufarli.

Samþykkt.

260. fundur 23.5.2017

5.liður

Lagt fram endurrit úr trúnaðarbók menningar- og ferðamálaráðs frá 11. apríl sl. þegar fjallað var um samstarfssamning Reykjavík Bókmenntaborgar UNESCO og Icelandair Group um starfsemi og rekstur í Gröndalshúsi. (RMF14030007)

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði lögðu fram svohljóðandi bókun:

Að samningstíma loknum telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks að rétt sé að skoðaðir verði kostir þess að selja húsið eða fá aðila sem væru tilbúnir til að taka að sér alfarið rekstur þess í menningarlegum og sögulegum tilgangi.

265. fundur 12.9.2016

5.liður

Starfshópur um varðveislu menningarminja við Grímsstaðarvör. Frestað. (RMF14090003)

7.liður

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um hvernig markaðssetning á menningarviðburðum hefur þróast undanfarið á þeim tíma sem mest fjölgun ferðamanna hefur átt sér stað. Hverjir eru snertifletir Reykjavíkurborgar við erlenda ferðamenn, hvaða leiðir eru notaðar, hvaða leiðir virka og hvaða fjármunum er til þeirra varið? Hvernig eru menningarviðburðir auglýstir, hvaða menningarviðburðir eru auglýstir, hjá einstaka stofnunum og eins miðlægt fyrir Reykjavík alla? Hvernig hefur markaðssetning á vefsvæðum þar sem miðlæg kynning fer fram s.s. á vefsvæðinu Visitreykjavik.is og öðrum sambærilegum svæðum þróast undanfarin ár?

8.liður

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samningur við rekstraraðila Iðnó rennur út á næstunni. Eru viðræður við núverandi rekstraraðila hafnar eins og gert var ráð fyrir samkvæmt samningi? Liggja einhverjar áætlanir fyrir um hlutverk og rekstur í Iðnó?

267. fundur 10.10.2016

8.liður

Lagt fram svar skrifstofustjóra menningarmála við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um samning við rekstraraðila í Iðnó og hlutverk og rekstur Iðnó sem lögð var fram á 265. fundi. (RMF16040007)

268. fundur 24.10.2016

8.liður

Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um hvernig markaðssetning á menningarviðburðum hefur þróast sem lögð var fram á 265. fundi menningar- og ferðamálaráðs. Frestað

269. fundur 14.11.2016

7.liður

Lagt fram svar skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs við fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins um hvernig markaðssetning á menningarviðburðum hefur þróast dags. 24. október 2016. (RMF16090008)

8.liður

Lögð fram að nýju tillaga Sjálfstæðisflokksins um fjárhagslega og faglega úttekt á sameiningu í Borgarsögusafn sem frestað var á 255. fundi ráðsins. Samþykkt og vísað til sviðsstjóra og safnstjóra Borgarsögusafns að leita hagkvæmra leiða til þess að fá óháðan aðila til að meta árangur sameiningar safna í Borgarsögusafn Reykjavíkur. Greinargerð fylgir. (RMF16030013)

11.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að meiri áhersla verði lögð á að hvetja til og stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni verkefna sem menningar- og ferðamálaráð styrkir þar sem við á. Þetta á sérstaklega við um hátíðir og verkefni sem lifa yfir langt tímabil í ljósi þess að eðlilegt er að gera ráð fyrir að ákveðið fjármagn úr styrkja- og hátíðarpotti renni til nýrra verkefna. Menningar- og ferðamálasviði verði falið að skoða hvernig

styrkjarotturinn hefur þróast, hvernig stuðningur við einstaka verkefni hafa verið og mat lagt á það hvort hægt er að stuðla að meiri fjárhagslegri sjálfbærni þeirra.

Frestað.

274. fundur 9.1.2017

4.liður

Lögð fram útboðsauglýsing vegna leigu Iðnó. (RMF16110003)

Samþykkt.

275.fundur 25.1.2017

2.liður

Svanhildur Konráðsdóttir sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs fer yfir helstu atriði Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020. Áshildur Bragadóttir tekur sæti undir þessum lið.

4.liður

Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu kynnir drög að aðgerðaáætlun Ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020.

279.fundur 27.3.2017

3.liður

Lögð fram endurskoðuð aðgerðaráætlun ferðamálastefnu 2017-2020.

Áshildur Bragadóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. (RMF14110011)

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

281.fundur 24.4.2017

1.liður

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að rætt verði við Orkuveituna um staðsetningu rafhleðslustöðva í miðbænum. Skoðað verði að flytja hleðslustöðina sem staðsett er á Fríkirkjuvegi en staðsetning hennar fer afar illa við þau sögufrægu hús og þá fallegu borgarmynd sem umhverfi Tjarnarinnar er.

Frestað.

2813. fundur 22.5.2017

6.liður

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. maí um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um flutning rafhleðslustöðvar á Fríkirkjuvegi sem lögð var fram á 282. fundi menningar- og ferðamálaráðs.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Bjartrar framtíðar, Pírata og Samfylkingar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá við afgreiðslu málsins.

284. fundur 12.6.2017

3.liður

Fram fer kynning á viðhaldspörf útilistaverka í Reykjavík. (RMF17060003)

Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur og Sigurður Trausti Traustason deildarstjóri safneignar og rannsókna taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að ástand útilistaverka í borginni er orðið mjög slæmt og reglubundnu viðhaldi hefur ekki verið sinnt sem skyldi um árabil. Mörg þessara verka eru hreinlega að grotna niður og sum þeirra jafnvel farin að rifna af undirstöðunum og orðin hættuleg vegfarendum. Nauðsynlegt er að ráðist verði sem fyrst í viðgerðir á þessum verkum. Þá er

jafnframt nauðsynlegt að gert sé ráð fyrir reglubundnu viðhaldi útilistaverka í fjárhagsáætlun.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina harnar það hversu illa viðhaldi á útilistaverkum í eigu Reykjavíkurborgar hefur verið sinnt og mikilvægt er að ráðast í gerð aðgerðaráætlunar um hvernig komið verði í veg fyrir frekari skemmdir á þeim verkum borgarinnar sem virkilega eru farin að láta á sjá. Augljóst er að 1 milljón króna á ári nægir engan veginn til þess að sinna viðhaldi á þeim 148 verkum sem eru á viðhaldslista Reykjavíkurborgar og mikilvægt er tryggja strax fé til viðgerða á þeim listaverkum sem eru í þörf fyrir bráðaviðgerð til þess að koma í veg fyrir eyðileggingu og til að tryggja öryggi borgarbúa.

287. fundur 28.8.2017

1.liður

Lögð fram greinargerð um framkvæmd 17. júní í Reykjavík 2017. (RMF17030009)

Guðmundur Birgir Halldórsson verkefnastjóri viðburða og Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Frá stofnun hefur Íprótta- og tómsundasvið séð um skipulagningu og framkvæmd 17. júní með ágætum. 17. júní 2017 var einstakur fyrir þær sakir að skipulag var fært til menningar- og ferðamálasviðs og var framkvæmd í höndum Höfuðborgarstofu. Vill menningar- og ferðamálaráð þakka þeim fyrir afar góða framkvæmd á 17. júní 2017 sem og öllum öðrum sem lögðu hönd á plóg við að gera daginn vel úr vegi.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Þjóðhátíðarnefnd hefur starfaði frá 1944 en var lögð niður í árslok 1982 og tók þá Æskulýðs- og tómsundaráð við af henni. Frá 1983 hafa Æskulýðs- og tómsundaráð og frá 1986 Íprótta- og tómsundaráð séð um allan undirbúning og framkvæmd 17. júní hátíðarhaldanna í Reykjavík til ársins 2017. Ípróttaviðburðir, ípróttasýningaratriði og æskulýðsfélög hafa verið í hávegum höfð á 17.júní frá upphafi til ársins til dagsins í dag. Framsóknar og flugvallarvinum finnst nauðsynlegt að Þjóðhátíðarhátíð 17.júní og Þjóðhátíðarnefnd sé í hávegum höfð innan Reykjavíkurborgar. Undanfarin ár hefur fjárframlag Reykjavíkurborgar til að halda 17.júní farið úr rúmlega 40 milljónum niður í 9,5 milljónir og síðustu ár hefur um helmingur fjárframlagsins farið í að greiða öðrum sviðum borgarinnar fyrir sína þjónustu s.s. þrif á götum og fleira sem ekki var áður tekið af sjóðum Þjóðhátíðarnefndar. Í ár er sett í hátíðina 14.5 milljónir sem er jákvætt lítið skref í rétta átt til að byggja Þjóðhátíðardaginn upp. Má af þessu öllu meta að vernda þurfi Þjóðhátíðarhöldin 17.júní í Reykjavík og bæta meir í svo hátíðin sé eins og vera ber ein sú stærst og mesta af öllum hátíðum borgarinnar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði vísa í fyrri bókun sína dags. 27. júní sl.:

Undanfarin ár hefur markvisst verið dregið úr umfangi 17. júní hátíðahaldanna og fjárframlag til þeirra farið jafnt og þétt lækkandi og er það lýsandi fyrir metnaðarleysi núverandi meirihluta borgarstjórnar gagnvart 17. júní hátíðahöldunum. Þetta metnaðarleysi kemur m.a. fram í því að búið er að afleggja kvöldskemmtunina sem önnur sveitarfélög í kringum okkur sjá sér fært að halda meðan Reykjavík, stærsta sveitarfélagið, sker hana niður.

Við þökkum Höfuðborgarstofu fyrir góðan undirbúning og skipulagningu þeirrar dagskrár sem í boði var um morguninn og yfir daginn þrátt fyrir niðurskurð.

6.liður

Lagt fram minnisblað um samstarfsverkefni Sjóminjasafns Reykjavíkur og Hull Maritime Museum. Frestað á 286. fundi. (RMF14030002)

Kynnt að Elsa Hrafnhildur Yeoman verður fulltrúi ráðsins í ferð sendinefndar Reykjavíkurborgar til Hull 31. ágúst- 3. september 2017.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi bókun:

Það verður að teljast óeðlilegt að menningar- og ferðamálaráð hafi ekki verið upplýst fyrir um fyrirhugaða ferð formanns ráðsins til Hull. Nú eru einungis þrír dagar í ferðina og þá er ráðið fyrst upplýst þegar búið er að skipuleggja ferðina og ganga frá dagskrá. Þær skýringar eru gefnar að formaðurinn verði eini fulltrúi ráðsins í þessari heimsókn í sparnaðarskyni. Það verður að teljast ótrúverðugt þar sem forseti borgarstjórnar fer einnig í ferðina, ef raunverulegur vilji hefði verið til að spara hefði nægt að senda eingöngu forseta borgarstjórnar og þar með hefði kostnaður sparast vegna ferðarinnar.

11.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram svohljóðandi tillögur:

Óskað er eftir að málefni Grásleppuskúranna við Ægisíðu verði tekin fyrir á næsta fundi ráðsins. Óskað er eftir upplýsingum um ástand skúranna og hvort fyrir liggi framkvæmdaáætlun varðandi endurgerð þeirra.

Óskað er eftir að fá upplýsingar og kynningu á fornleifauppgreftrinum í Víkurkirkjugarði á næsta fundi ráðsins.

Frestað.

288. fundur 15.9.2017

8.liður

Lögð fram tillaga dags. 8. september 2017 að nýjum verklagsreglum um styrki menningar- og ferðamálaráðs og áherslur ráðsins árið 2018.

Samþykkt. (RMF17080004)

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að einn fulltrúi minnihluta og einn fulltrúi meirihluta hafi aðkomu sem áheyrnarfulltrúar að þeim hópi sem fjallar um árlegar styrkveitingar ráðsins enda er hér um mikla fjármuni til úthlutunar ræða.

Frestað.

289.fundur 25.9.2017

2.liður

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði um að fá upplýsingar og kynningu á fornleifauppgreftrinum í Víkurkirkjugarði sbr. 11. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 28. ágúst 2017. RMF17090012

Samþykkt.

3.liður

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði um að málefni Grásleppuskúranna við Ægisíðu verði tekin fyrir sbr. 11. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 28. ágúst 2017. RMF17090012
Samþykkt.

6.liður

Fram fer kynning á grásleppuskúrum við Ægisíðu. RMF17080007

Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur og Guðbrandur Benediksson, forstöðumaður Borgarsögusafns, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8.liður

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks óskar eftir upplýsingum um hvers vegna starfshópur um Grásleppuskúrana hefur ekki verið kallaður saman í meira en rúmt ár. Hefur verið tekin ákvörðun um að leggja starfshópinn niður og ef svo er hvar hefur sú ákvörðun verið tekin fyrir og hvenær?

290.fundur 9.10.2017

3.liður

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs dags. 11. september 2017 um breytta skipan í ráðgefandi faghóp um styrki menningar- og ferðamálaráðs. Einnig er lögð fram umsögn Bandalags íslenskra listamanna dags. 29. september 2017 og Hönnunarmiðstöðvar Íslands dags. 2. október 2017. RMF17090002

Felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða tvö atkvæði með tillögunni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Bjartrar framtíðar og Pírata taka undir umsagnir Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Telur ráðið góða stjórnarsýsluhætti viðhafða við styrkveitingar og aðkoma ráðsins á ólíkum stigum styrkveitinga sé nægileg.

291.fundur 23.10.2017

1.liður

Lagt fram svar skrifstofu menningar- og ferðamálasviðs, dags. 23. október 2017 við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um starfshóp um Grásleppuskúrana sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 25. september 2017. RMF 17080007

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Starfshópur um varðveislu menningarminja við Grímstaðavör hefur ekki verið formlega lagður niður og hefur einungis skilað af sér áfangaskýrslu en ekki lokaskýrslu. Það verður að teljast óeðlileg stjórnarsýsla að starfshópar gufi upp án nokkurra skýringa og þeir ljúki ekki því hlutverki sem þeim er ætlað. Mikil vinna hefur farið fram um varðveislu umræddra menningarminja og því mikilvægt að starfshópurinn fái að ljúka sínu hlutverki og skili skýrslu um störf sín með tillögum og hugmyndum um hvernig þessar menningarminjar verði best varðveittar.

8.liður

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Hlemmur var áður fyrir áningarstaður fyrir hestalestir áður en haldið var úr bænum. Reykjavíkurborg stóð fyrir því, á sjötta áratug 20. aldar, að gerð var höggmynd eftir

Sigurjón Ólafsson, Klyfjahesturinn, sem upphaflega átti að vera á Hlemmi. Ekki varð úr því og hún sett niður milli Suðurlandsbrautar og Miklubrautar. Nú er hins vegar búið að koma styttunni fyrir á Hlemmi þar sem upphaflega stóð til að hún yrði. Hins vegar hefur vatnsþrónni, sem hafði það hlutverk, að brynna hestunum ekki verið endurgerð og komið upp eins og upphaflega stóð til. Það færi vel á því að endurgera vatnsþróna og koma henni fyrir þar sem hún stóð en þannig myndum við undirstrika enn frekar sögulegt gildi staðarins að Hlemmur hafi verið helsti áningarstaður hestamanna á leið úr bænum. Lagt er til að Borgarsögusafni og umhverfis- og skipulagssviði verði falið að útfæra hugmyndina.

Frestað.

293.fundur 27.11.2017

5.liður

Lögð fram að nýju tillaga Sjálfstæðisflokksins um endurgerð vatnsþróar á Hlemmi sbr. 8. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 23. október 2017. Einnig lagðar fram umsagnir safnstjóra Borgarsögusafns og verkefnisstjóra borgarhönnunar á Umhverfis- og skipulagssviði. RMF17100010

Samþykkt. Vísað til fyrirhugaðrar samkeppni á vegum umhverfis- og skipulagssviðs.

Menningar- og ferðamálaráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar í menningar- og ferðamálaráði þakka fyrir umsagnirnar sem gefa til kynna að í fyrirhugaðri hönnunarsamkeppni fyrir Hlemmsvæðið verði áhersla lögð á að draga fram söguna með tilvísun í vatnsþróna og sögulega stöðu Hlemms sem áningarstaðs á leið inn og út úr borginni.

298.fundur 12.2.2018

2.liður

Fram fer kynning á starfsemi Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna. RMF18020003

Karen María Jónsdóttir, deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna, og Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að jafnræðis sé ekki gætt með hugmyndum um að Strætó hafi aðstöðu umfram aðra rekstraraðila í Upplýsingamiðstöð ferðamanna, til að þjónusta fólk, sem vill fara með strætó út á land og setja saman ferðir og ferðaplön fyrir ferðamenn. Augljóst er að verið er að mismuna ferðþjónustuaðilum með þessum hugmyndum.

299.fundur 26.2.2018

11.liður

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir yfirliti yfir tillögur, bókanir og fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði frá upphafi þessa kjörtímabils til dagsins í dag. Jafnframt er óskað eftir að fram komi í yfirlitinu hvaða meðferð viðkomandi tillögur hlutu, þ.e. hvort þær voru samþykktar felldar eða vísað eitthvað.

Samantekt 2.3.2018:

Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar